

Priðjudaginn 12. desember 1978.

Nr. 126/1977. **Ívar Þórhallsson og**
Þórarinn St. Sigurðsson
 (Agnar Gústafsson hrl.)
 gegn
Fiskiðjunni h/f
 (Hörður Ólafsson hrl.).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. júlí 1977. Gera þeir þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda í málinu og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sú varnarástæða áfrýjenda, að stefndi hafi ritað annan útgáfudag á víxillinn en honum hafi verið heimilt gagnvart þeim, fær ekki komist að í máli þessu gegn andmælum stefnda, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Víxillinn er sýningarvíxill, og ber því að telja frest til sýningar hans til greiðslu og til afsagnar hans vegna greiðslufalls frá 25. febrúar 1976, þar sem sá dagur telst útgáfudagur samkvæmt framansögðu. Víxillinn var afsagður vegna greiðslufalls 16. mars 1976. Af-sögn fór því fram innan þeirra fresta, er greinir í 1. mgr. 34. gr. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 93/1933, sbr. lög nr. 25/1968. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er 200.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ívar Þórhallsson og Þórarinn St. Sigurðs-

son, greiði stefnda, Fiskiðjunni h/f, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lög-um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 12. þ. m., hefur Fisk-iðjan h/f, Hafnargötu 91, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. mars og 8. og 9. apríl 1976, á hendur Hafbliki, Höfnum, Hafnahreppi, Ívari Þórhallssyni, Löngu-brekku 19, Kópavogi, og Þórnari St. Sigurðssyni, Vesturbraut 10, Grindavík, til greiðslu einn fyrir alla og allir fyrir einn á kr. 1.500.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 16. mars 1976 til greiðsludags, kr. 3.600 í stimpilgjald, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og málskostnaði að skaðlausu.

Með dómi, uppkveðnum 14. þ. m., var kröfum stefnanda, eins og þær beinast að Hafbliki h/f, vísað frá dómi.

Af hálfu stefndu Þórarins og Ívars er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögman-na-félags Íslands.

Stefnandi kveður hina umstefndu kröfu vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 1.500.000, útgefnun 25. febrúar 1976 af stefnda Ívari og framseldum af honum, samþykktum af stefnda Þórnari St. Sigurðssyni f. h. Hafblikis h/f og framseldum eyðuframsali af Þórnari St. Sigurðssyni. Hafi víxillinn verið sýndur til greiðslu á greiðslustað, Landsbanka Íslands, 16. mars sl. og afsagður sama dag sökum greiðslufalls.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að hinn umstefndi víxill sé tryggingarvíxill, sem stofnað hafi verið til með þeim hætti, að stefnandi hafi þann 6. mars 1974 lánað Hafbliki h/f og Jökli h/f kr. 3.000.000 til hlutabréfakaupa í útgerðarfélaginu Suðurnesi h/f. Fjárhæð þessi hafi átt að endurgreiðast með fiskinnleggi. Þar sem ekki hafi verið búið að ganga frá ráðstöfun fjárens milli lán-takenda, hafi þeir hvor lagt til stefnanda tryggingarvíxil að fjár-hæð kr. 1.500.000 fyrir láni þessu, en óviðkomandi því, sem síðar kynni að koma til. Það hafi svo orðið ljóst, að hinn lántakand-inn hafi þurft að nota kr. 2.500.000 af fjárhæðinni, en Hafblik aðeins kr. 250.000, en kr. 250.000 hafi farið til þarfa togara út-gerðarfélagsins og sé ekki um þetta ágreiningur milli lántak-

enda. Muni þetta hafa verið staðfest af fyrirsvarsmanni stefnanda. Þann 9. maí 1974 hafi svo stefnandi lánað Suðurnesi h/f kr. 1.000.000, sem Hafblik h/f og Jökull h/f hafi átt að greiða með fiskinnleggi til helminga, en það lán hafi verið algerlega óviðkomandi hinu fyrra láni og tryggingarvixlinum, sem stefnt sé fyrir í þessu máli. Við munnlegan flutning málsins kom fram að hálfu stefndu, að er stefnandi hefði fengið umræddan víxil, hefði gjalddagi ekki verið skráður, en raunverulega hefði hann verið útgefinn 6. mars 1974. Þar sem gjalddagi sé ekki skráður á víxilinn, sé um sýningarvíxil að ræða og hefði átt að afsegja hann innan árs frá því hann var útgefinn. Hins vegar hefði víxillinn ekki verið afsagður fyrr en 16. mars 1976 og því væri víxillréttur gagnvart stefndu Þórarni og Ívari fallinn niður.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að vörnum þeim, sem stefndu hafa uppi í máli þessu, verði komið að, enda sé um víxilmál að ræða, víxillinn í lögformlegu ástandi og stefnandi réttilega að víxlinum kominn samkvæmt eyðuframsali.

Útgáfudagur á umræddum víxli er skráður 25. febrúar 1976, og hefur engin breyting verið gerð á þeirri skráningu. Gjalddagi er hins vegar ekki skráður, og verður því að líta svo á, að víxillinn skuli greiðast við sýningu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 93/1933 bar að sýna víxilinn til greiðslu innan árs frá útgáfudegi. Var víxillinn afsagður 16. mars sl. á greiðslustað, Landsbanka Íslands hér í borg. Þar sem víxillinn er í lögformlegu ástandi, stefnandi lögformlegur handhafi víxilsins samkvæmt eyðuframsali og varnir stefndu að öðru leyti ekki þær, sem komið verður að í víxilmáli skv. 208. gr. laga nr. 85/1935, þá verða stefndu Þórarinn og Ívar dæmdir til að greiða stefnanda fjárhæð víxilsins, kr. 1.500.000 með 2% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 16. mars 1976, kr. 3.600 í stimpilkostnað, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og málskostnað, sem ákveðst kr. 170.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ívar Þórhallsson og Þórarinn St. Sigurðsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir hinn stefnanda, Fiskiðjunní h/f, kr. 1.500.000 með 2% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 16. mars 1976 til greiðsludags, kr. 3.600 í stimpil-

kostnað, kr. 1.900 í afsagnarkostnað og kr. 170.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. desember 1978.

Nr. 226/1977. **Kristinn Arason**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Hljóðfæraverslun Poul Bernburg h/f

(enginn).

Víxilmál. Afsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur áfrýjandi komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Greindi hann svo frá, að í víxli þeim, sem málið er risið af, hefði verið tilgreint, þegar hann ritaði framsal sitt á hann, að víxilinn ætti að greiða í Landsbanka Íslands. Hefði hann engum veitt umboð til að breyta þeirri áritun. Þá hefur samþykkjandi víxilsins borið um það, að tilgreint hafi verið í víxlinum, er hann samþykkti hann, að hann bæri að greiða í Landsbanka Íslands. Staðhæfing sama efnis hafði komið fram fyrir héraðsdómi af hendi eins framseljanda víxilsins, sem þar var varnaraðili. Andmælti stefndi þessu ekki, en féll frá öllum kröfum sínum á hendur framseljanda þessum.